

Saga Byggðasafnins í Görðum

Byggðasafnið í Görðum var stofnað árið 1959 og var eina starfandi safnið á svæðinu fram til ársins 2001 þegar Safnaskálinn, með Íþróttasafni Íslands og Steinaríkinu var tekinn í notkun. Safnið er frumherjaverk sr. Jóns M. Guðjónssonar, sóknarprests á Akranesi árin 1946-1975, og er staðsett á hinu forna höfuðbóli í Görðum sem var kirkjustaður og prestssetur frá öndverðri kristni til loka 19. aldar. Safnið er sjálfseignarstofnun í eigu Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar.

Velflest byggða- og minjasöfn landsins rekja upphaf sitt til frumkvæðis einstaklinga sem af sögulegum áhuga og ræktarsemi við heimabyggð sína hófu sjálfir söfnun þeirra muna og áhaldla sem á mótum nýrra tíma var vikið til hliðar vegna breyttra þarfa og lífshátta. Einn þeirra ármanna sem áður getur var sr. Jón M. Guðjónsson. Á prestskaparárum sr. Jóns í Holti undir Eyjafjöllum (1934-1946) vaknaði áhugi hans á þessu sviði. Sr. Jón átti sæti í sýslunefnd og vakti þar máls á hugmyndinni um stofnun byggðasafns. Þeirri hugmynd var vel tekið og þar með var lagður grunnurinn að hinu myndarlega Byggðasafni Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga í Skógum.



Árið 1946 fékk sr. Jón Garðaprestakall og fluttist til Akraness. Með honum flutti og hugmyndin um stofnun minjasafns fyrir byggðalagið, því ekki hafði hann verið mörg ár á Akranesi er hann hóf að vekja máls á þörfinni á því að byggðirnar sunnan Skarðsheiðar sameinuðust um að koma á fót eigin minjasafni.

Því máli mun sr. Jón hafa fyrst hreyft við með formlegum hætti árið 1949. Aðdragandinn að stofnun Byggðasafnsins í Görðum var hafinn en hann varð býsna langur eða alls 10 ár. Þá nýstofnað Menningarráð Akraness tók vel í þessa hugmynd og var samþykkt á fundi þess árið 1950 að vinna að því að koma á stofn safni fyrir byggðarlagið. Ákveðið var að semja ávarp til bæjarbúa um málið og senda inn á hvert heimili í bænum. Þessi fyrsta tilraun gafst í stuttu máli illa enda virtust bæjarbúar enn sem komið var ekki reiðubúnir að veita málinu brautargengi. Sr. Jón hélt þessu máli vakandi næstu árin og það var ekki fyrr en á fundi bæjarráðs Akraness árið 1955 að málið fór að hreyfast. Á þessum fundi samþykkti bæjarráð að heita málinu stuðning og benti á húsið í Görðum til varðveislu safnsins fyrst um sinn en

húsið var þá í eigu sóknarnefndar. Þegar ljóst var að sóknarnefndin var reiðubúin til að láta fyrirhuguðu byggðasafni eftir afnot af Garðahúsinu og bæjarstjórnin fús að annast viðgerð



þess þá hóf sr. Jón nú fyrir alvöru söfnun muna á Akranesi og í byggðunum sunnan Skarðsheiðar. Lengi vel dróst að endurgera Garðahúsið í sýningarhæft ástand og það var síðan stór stund er það var formlega opnað þann 13. desember árið 1959.

Við opnun safnsins í gamla Garðahúsinu í desember 1959 var mörgu enn ólokið við innréttingu og frágang á sýningaraðstöðu. Á næstu árum tókst þó smám saman að þoka því verki áfram þar til aðstaðan var orðin sæmileg. Flestum var það ljóst þegar Garðahúsið var tekið undir safn að þar gat aðeins verið um bráðabirgðalausn að ræða. Árið

1962 var farið að ræða um að byggja þyrfti viðbótarhúsnæði fyrir safnið og þá einkum byggingu sem hýst gæti sjóminjar safnsins. Á fundi stjórnar safnsins árið 1966 var samþykkt að hefja undirbúning að byggingu framtíðarsafnahúss að Görðum og var leitað til Ormars Þórs Guðmundssonar, arkitekts, um hönnun hússins. Árið 1968 var verkið boðið út þar sem Þorgeir og Ellert voru lægst bjóðendur og fengu verkið. Fyrsta skóflustungan var tekin 2. nóvember árið 1968. Heildarstærð fyrirhugaðrar byggingar var 1.179 fermetrar, sem átti að byggja í þremur áföngum. Hafist var handa við að byggja fyrsta áfangann sem var ca. 550 fermetrar. Framkvæmdir við hið nýja safnahús hófust árið 1968 og tók bygging hússins nær 6 ár. Má þakka það þjóðhátíðarárinu svonefnda 1974 að rekinn var endahnykkur á frágang hússins, því ákveðið var að helga setningarathöfn Landnámshátíðarinnar 4. júlí 1974 vígslu hins nýja safnahúss. Stórum áfanga í sögu safnsins var náð en þar er þó einungis um að ræða ca. 2/5 þess húsnæðis sem áformað er að hýsi safnið í framtíðinni. Frá árinu 1974-1985 var unnið að uppsetningu safnsins í nýja safnhúsinu og gamla Garðahúsið rýmt jafnóðum. Hefur safnhúsið þjónað síðan sem Byggðasafn fyrir Akraness og nærsveitir.



Hvað er það sem Byggðasafnið í Görðum geymir? Eins og að líkum lætur hefur söfnun gripa að mestu verið bundin við byggðarlögin á starfssvæði safnsins. Þar var upprunalega um að ræða fjögur sveitarfélög með landbúnað að höfuðatvinnuvegi og síðan Akranes þar sem afkoma íbúanna byggðist til skamms tíma einkum á sjósókn og útvegi. Af þessum sökum er uppistaðan í minjæign safnsins jöfnum höndum tengd þessum atvinnuháttum. Í hinum ýmsu sérdeildum safnsins er því leitast við að gefa sem heildstæðasta mynd af daglegum störfum fólks til sjávar og sveita fyrr á tíð og þá að tengja það við hvernig þessi störf eru unnin nú í dag.



Stærsti hluti muna í safninu er tilkominn vegna söfnunar sr. Jóns M. Guðjónssonar upp úr 1955. Frá þeim tíma hefur safnið vaxið jafnt og þétt og segja má að enn berist daglega gjafir



eða fyrirspurnir um hvort safnið hafi áhuga á einhverjum ákveðnum hlut. Ekki er eingöngu verið að huga að gömlum munum heldur spila samtímaminjar nú orðið stóran þátt í minjasöfnun safnsins. Nánast allir gripir safnsins eru gjafir frá einstaklingum sem áttu þá og meðhöndluðu eða erfingjum þeirra. Það heyrir til undantekninga að safnið hafi þurft að greiða fyrir þá muni sem því hafa borist. Þetta segir nokkra sögu um ræktarsemi þeirra sem lagt hafa eigin sínar í þennan sameiginlega minningarsjóð byggðalagsins.

